

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Suðurlands Kirkjuferjuháleiga/Selfoss



<b>Dags eftirlits</b>	18.12.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpstöð Suðurlands	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Austurvegi 56, Selfossi	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	420481-719	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðmundur Tryggvi Ólafsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	475089,819 332611,967

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsemi á urðunarstaðnum hefur legið niðri frá des. 2009. Nú er fyrirhugað að leggja inn starfsleyfi rekstraraðila og hefja lokunarferil staðarins. Gerðar eru tvær athugasemdir og eitt frávik staðfest. Önnur athugasemdin varðar mælingar á sigi á urðunarstað árið 2012 en hin athugasemdin og frávik varða mælingar á rennsli á sýnatökustöðum í hreinsivirki og stöðu grunnvatns.

## UMFANG EFTIRLITS

Rætt var um skil á gögnum, sýnatökum og niðurstöður mælinga, breytingar þar sem urðun hefur legið niðri í nokkur ár og framtíð urðunarstaðarins. Engin þörf var talin fyrir eftirlitsferð á urðunarsvæðið.

## ATHUGASEMDIR

Mælingar á sigi á urðunarstað bárust ekki árið 2012 og er minnt á að slíkar mælingar skulu berast fyrir árið 2013 fyrir 1.5.2014.

Mælingar á grunnvatni hafa verið færri en fyrirskrifað er í starfsleyfi. Eins er tíðni rennismælinga lægri en skv. starfsleyfi. Þar sem urðun er ekki starfrækt á staðnum (frá des. 2009) er ekki óeðlilegt að lækka tíðni mælinga að einhverju leyti en gera skal út um breytingar skriflega.

Reykjavík, 27.12.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.